

Íþróttafélagið Þór - Knattspyrnudeild

Ársreikningur 2025

Íþróttafélagið Þór - Knattspyrnudeild
Hamri
603 Akureyri

kt. 670991-2109

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs er knattspyrnuíðkun og tengd starfsemi. Ársreikningur Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs hefur að geyma Knattspyrnudeild Þórs, kt. 670991-2109 og Unglingaráð, kt. 520603-3010.

Ársreikningur Knattspyrnudeildar er hluti af samstæðuársreikningi Íþróttafélagsins Þórs.

Rekstrartekjur Knattspyrnudeildar námu 191,8 millj. kr. á árinu 2025 og lækkuðu um 10,9 millj. kr. milli ára eða um 5%. Tap Knattspyrnudeildar Íþróttafélags Þórs á árinu 2025 nam 31,8 millj. kr. (2024: hagnaður 17,2 millj. kr.)

Eigið fé Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs í árslok var neikvætt um 13,8 millj. kr. (2024: 17,9 millj. kr.) Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs hefur í dag rætt ársreikning fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 24. febrúar 2026.

Stjórn:

Sveinn Elías Jónsson
Ingi Hrannar Heimisson
John Júlíus Cariglia
Sigurður Grétar Guðmundsson
Aðalgeir Axelsson
Birkir Hermann Björvinsson
Óðinn Svan Óðinsson
Kristján Steinn Magnússon
Ragnar Hauksson
Kristján Sigurólason
Sveinn Orrí Vatnsdal

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs 31. desember 2025 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þórs í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert Knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þórs órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Akureyri, 24. febrúar 2026.

KPMG ehf.

Helgi Nielsson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	Áætlun 2025	2024
Rekstrartekjur				
Framlög og styrkir.....		68.633.612	106.200.000	66.830.303
Tekjur af mótum.....		35.612.282	46.700.000	38.229.625
Vörusala og auglýsingatekjur.....		3.137.056	0	3.130.000
Aðrar fjáraflanir.....		33.607.016	20.550.000	23.524.954
Aðrar tekjur.....		50.844.104	14.625.000	71.062.498
		<u>191.834.070</u>	<u>188.075.000</u>	<u>202.777.380</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld.....	2	121.845.195	118.975.824	92.482.714
Íþróttaleg viðskipti.....		88.521.490	66.127.000	74.559.334
Annar rekstrarkostnaður.....		16.672.422	5.278.800	15.403.883
Afskriftir leikmanna.....	3	0	0	1.959.140
		<u>227.039.107</u>	<u>190.381.624</u>	<u>184.405.071</u>
(Rekstrartap) -hagnaður.....		(35.205.037)	(2.306.624)	18.372.309
Hlutdeild í rekstri samstarfsfélaga.....	5	3.392.003	0	(427.581)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur.....		814.775	0	884.307
Vaxtagjöld.....		(833.156)	(360.000)	(1.624.414)
		<u>(18.381)</u>	<u>(360.000)</u>	<u>(740.107)</u>
(Tap) hagnaður ársins.....	6	<u>(31.831.415)</u>	<u>(2.666.624)</u>	<u>17.204.621</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Leikmannasamningar.....	3	3.600.000	3.500.000
Eignarhlutir í félögum.....	4	150.000	150.000
		<u>3.750.000</u>	<u>3.650.000</u>
Fastafjármunir			
Kröfur á aðrar deildir.....		1.066.962	1.539.203
Hlutdeild í eigin fé samstarfsfélaga.....	5	1.938.777	0
Aðrar skammtímakröfur.....		4.891.408	19.618.071
Handbært fé.....		18.315.956	20.963.273
		<u>26.213.103</u>	<u>42.120.547</u>
Veltufjármunir			
Eignir samtals		<u><u>29.963.103</u></u>	<u><u>45.770.547</u></u>
Eigið fé			
Endurmatsreikningur.....		6.150.000	6.550.000
(Ójafnað) óráðstafað eigið fé.....		(19.951.397)	11.380.018
		<u>(13.801.397)</u>	<u>17.930.018</u>
Eigið fé	6		
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		3.662.194	2.783.475
Viðskiptaskuldir.....		7.880.945	3.116.194
Skuldir við aðrar deildir.....		14.966.200	6.970.903
Skuldbindingar vegna samstarfsfélaga.....	5	382.547	1.835.773
Fyrirframinnheimtar tekjur.....		9.147.024	5.661.220
Aðrar skammtímaskuldir.....		7.725.590	7.472.964
		<u>43.764.500</u>	<u>27.840.529</u>
Skammtímaskuldir			
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>29.963.103</u></u>	<u><u>45.770.547</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins.....	6 (31.831.415)	17.204.621
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður leikmanna		0	(21.510.806)
Afskriftir leikmanna	3	0	1.959.140
Hlutdeild í rekstri samstarfsfélaga	5 (3.392.003)	427.581
		<u>(35.223.418)</u>	<u>(1.919.464)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		14.726.663	(12.668.341)
Skammtímaskuldir, hækkun		8.503.181	3.735.944
		<u>23.229.844</u>	<u>(8.932.397)</u>
		<u>(11.993.574)</u>	<u>(10.851.861)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir leikmenn.....	3	0	(6.500.000)
Seldir leikmenn.....		0	26.585.000
Kröfur á aðrar deildir, lækkun (hækkun).....		472.241	(349.700)
		<u>472.241</u>	<u>19.735.300</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir, hækkun (lækkun).....		878.719	(566.643)
Skuldir við aðrar deildir, hækkun (lækkun).....		7.995.297	(257.916)
		<u>8.874.016</u>	<u>(824.559)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....			
		(2.647.317)	8.058.880
Handbært fé í ársbyrjun.....			
		<u>20.963.273</u>	<u>12.904.393</u>
Handbært fé í árslok.....			
		<u><u>18.315.956</u></u>	<u><u>20.963.273</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningur knattspyrnudeildar hefur að geyma Knattspyrnudeild Þórs, kt. 670991-2109 og Unglingaráð, kt. 520603-3010.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vöru og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

c. Leikmannasamningar

Leikmannasamningar eru eignfærðir í samræmi við leyfiskerfi KSÍ. Matsbreytingar leikmanna eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

d. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá öðrum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

e. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

f. Samstarfsfélög

Gerður var samningur við Knattspyrnufélag Akureyrar um aðkomu að rekstri ÞórKA kvennabolta á árinu 2025. Hagnaður varð af rekstri ÞórKA kvennabolta á árinu 2025 og reiknast 50% hlutdeild af rekstrarniðurstöðu hjá knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þórs.

Jafnframt hefur verið gerður var samningur á árinu 2025 við Knattspyrnufélag Akureyrar um aðkomu að rekstri 2. og 3. fl. kvenna. Hagnaður varð af rekstri unglíngaráðs ÞórKA á árinu 2025 og reiknast 50% hlutdeild af rekstrarniðurstöðu hjá knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þórs.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun leikmanna	29.090.950	17.187.188
Laun þjálfara.....	42.377.750	35.810.003
Launatengd gjöld	14.335.735	9.901.071
Verktakagreiðslur.....	4.846.728	7.645.000
Dagpeningar og bifreiðastyrkir.....	32.594.032	23.474.733
Endurgreiðslur.....	(1.400.000)	(1.535.281)
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>121.845.195</u>	<u>92.482.714</u>

Skýringar, frh.:

3. Leikmannasamningar

Leikmannasamningar greinast þannig:	2025	2024
Bókfært verð 1.1.	3.500.000	4.233.334
Matsbreytingar leikmanna	100.000	(200.000)
Keyptir leikmenn	0	6.500.000
Seldir leikmenn	0	(5.074.194)
Afskrifað á árinu	0	(1.959.140)
Bókfært verð 31.12.	<u>3.600.000</u>	<u>3.500.000</u>

4. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Bókfært verð
Þórmjöllnir ehf.	13,04%	150.000
Eignarhlutir í félögum samtals		<u>150.000</u>

5. Hlutdeild í samstarfsfélögum

Hlutdeild í samstarfsfélögum greinast þannig:	Hlutdeild	Rekstraráhrif	Bókfært verð
ÞórKA kvennabolti	50,0%	1.453.226	(382.547)
Unglingaráð ÞórKA	50,0%	1.938.777	1.938.777
Hlutdeild í neikvæðu eigin fé færð sem skuldbinding		0	382.547
Bókfært eigið fé í samstarfsfélögum		<u>3.392.003</u>	<u>1.938.777</u>

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Endurmatsreikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024.....	6.200.000	(5.974.603)	225.397
Matsbreytingar leikmanna.....	(200.000)	0	(200.000)
Matsbreytingar leikmanna ÞórKA kvennabolta.....	550.000	150.000	700.000
Hagnaður ársins.....	0	17.204.621	17.204.621
Eigið fé 1.1.2025.....	<u>6.550.000</u>	<u>11.380.018</u>	<u>17.930.018</u>
Matsbreytingar leikmanna.....	100.000	0	100.000
Matsbreytingar leikmanna ÞórKA kvennabolta.....	(500.000)	500.000	0
Tap ársins.....	0	(31.831.415)	(31.831.415)
Eigið fé 31.12.2025.....	<u>6.150.000</u>	<u>(19.951.397)</u>	<u>(13.801.397)</u>